

## SKIPULAGSSKRÁ fyrir Rannsóknar- og styrktarsjóð Lilju G. Hannesdóttur.

1. gr.

*Heiti, heimili og varnarþing.*

Nafn sjóðsins er Rannsóknar- og styrktarsjóður Lilju G. Hannesdóttur. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

*Stofnandi.*

Stofnun sjóðsins er samkvæmt erfðaskrá Lilju G. Hannesdóttur, kt. 240526-3289, Skúlagötu 20, Reykjavík. Í erfðaskránni eru fyrimæli um tilgang sjóðsins, skipan stjórnar og störf og eru neðangreind ákvæði í samræmi við þau.

3. gr.

*Tilgangur.*

Tilgangur sjóðsins er að standa til rannsókna á miðeyra með sérstöku tilliti til eyrnasuðs. Tilgangur rannsókna skal vera sá, að afla hvernar vitneskju, sem hægt er, til að komast að ástæðum þess, að fólk geti þjáðst af eyrnasuði (tinnitus). Rannsóknaraðilar, sem geta sótt um styrk úr sjóðnum, þurfa ekki að vera einangraðir á sviði læknávisinda, heldur er það matsatriði sjóðstjórnar hverju sinni, hvort rannsóknir þjóna tilgangi sjóðsins.

4. gr.

*Stjórn sjóðsins.*

Stjórn sjóðsins skulu skipa yfirlæknir háls-, nef- og eyrnadeildar Landspítala-háskóla-sjúkrahúss, hverju sinni, yfirlæknir Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands, Reykjavík, hverju sinni og Óli Björn Hannesson, kt. 241032-4779, læknir og bróðir Lilju G. Hannesdóttur, en til vara vegna hans, Björn Heimir Björnsson, kt. 250964-3159, bróðursonur Lilju. Óli Björn eða Björn Heimir tilnefnið eftirmann/varamann sinn í upphafi stjórnarsetu í sjóðnum og hver sá fjölskyldumeðlimur, sem situr í stjórninni á eftir honum, tilnefnið ætíð sjálfur eftirmann sinn. Skilyrði er, að sá eftirmaður verði úr hópi systkina Lilju G. Hannesdóttur eða afkomenda þeirra. Stjórnin skiptir með sér verkum og skal einn vera formaður. Starfstími stjórnar er óbundinn.

Stjórn skal skrá fundargerðir og allar ákvarðanir sínar, svo sem um úthlutun, í fundargerðabók sjóðsins.

5. gr.

*Stofnfé og tekjur.*

Stofnfé sjóðsins er að fjárhæð kr. 16.000.000 – sextán milljónir 00/100 króna – sem er bankainnstæða og er sá hluti eftirlátinna eigna, sem mælt var fyrir um í erfðaskrá Lilju, að lagt yrði sjóðnum til við stofnun. Tekjur sjóðsins eru frekari framlög, sem til hans kunna að vera lögð og ávöxtun af eignum sjóðsins.

## 6. gr.

*Fjárvarsla og ávöxtun sjóðsins.*

Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um ávöxtun sjóðsins og ber ábyrgð á fjárvörslu hans. Sjóðurinn skal ávaxtaður með bestu kjörum, sem hægt er að ná á hverjum tíma að mati stjórnar sjóðsins. Ber ávallt að hafa tilgang og hag sjóðsins að leiðarljósi.

## 7. gr.

*Úthlutun.*

Sjóðstjórn tekur ákvörðun um úthlutun úr sjóðnum. Stjórnin getur leitað eftir álitum annarra sérfræðinga á verkefnissviði sjóðsins, ef hún telur henta.

## 8. gr.

*Rekstrarkostnaður.*

Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum hans.

## 9. gr.

*Endurskoðun.*

Starfsár og reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Fyrsta reikningsár sjóðsins er frá stofnun hans til næstu áramóta. Reikningar sjóðsins skulu áritaðir um endurskoðun af endurskoðanda sem stjórn sjóðsins velur. Stjórn ber ábyrgð á að annast árlega lögboðna tilkynningarskyldu í samræmi við fyrirmæli gildandi laga, nú laga nr. 19/1988.

## 10. gr.

*Breytingar á skipulagsskránni.*

Skipulagsskrá þessari verður breytt eða sjóðnum slitið með ákvörðun allra stjórnarmanna. Verði sjóðnum slitið, skal fé, sem í honum er við slitin, varið til verkefna í samræmi við 3. gr. hér að ofan. Breytingar og slit á sjóðnum skulu hljóta samþykki viðeigandi stjórnvalds.

## 11. gr.

*Staðfesting á skipulagsskrá.*

Um starfsemi sjóðsins gilda að öðru leyti ákvæði laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Leitað skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskránni.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 20. október 2008.*

**Ríkarður Mátsson.**

*Helgi Már Ólafsson.*